



BIKARMÓT HNÍ

1. Almenn

- 1.1. Bikarmót skulu haldin árlega af mótanefnd HNÍ. Hvert bikartímabil er almanaksárið.
- 1.2. Bikarmótin er ein þriggja móta mótaráði.
- 1.3. Keppt er í öllum þyngdarflokkum Elite karla og kvenna, ásamt ungmenna- og unglingaflokkum karla og kvenna.
- 1.4. Hámarksfjöldi keppenda í hverjum flokki eru fjórir. Ef t.d. eru skráðir til leiks fimm keppendur skal skipta í tvo flokka með þrjá keppendur í einum og tvo í öðrum.
 - 1.4.1. Séu fleiri en 2 keppendur í flokki skal dregið um hverjir keppa fyrst.
- 1.5. Til að taka þátt á bikarmóti þarf að undirrita þátttökuskjal þar sem keppandi skuldbindur sig til að taka þátt í öllu mótinu og paraðar viðureignir verði skráðar í keppnisbók.
- 1.6. Ólöggráða keppendur þurfa uppáskrift frá forráðamanni.
- 1.7. Skila þarf inn keppnisbók fyrir/eða á fyrsta bikarmótinu. Bókum verður skilað að mótaröð lokinni.

2. Hlutgengi

- 2.1. Þeir sem hafa gilda þátttökubók frá HNÍ, eru skráðir í hnefaleikafélag innan vébanda HNÍ í félagakerfi ÍSÍ og eru Elite keppendur eða ungmenni/unglingar hafa þátttökurétt á Bikarmót HNÍ.
- 2.2. Erlendir ríkisborgarar þurfa að auki að hafa haft samfellda búsetu hérlandis í a.m.k. 3 ár. Mótanefnd HNÍ er þó heimilt að veita undanþágu í sérstökum tilfellum.

3. Innvigtun og fjarvistir

- 3.1. Keppendur sem sitja hjá þurfa ekki að mæta í vigtun. Að öðru leyti skal farið eftir reglugerð um mótahald.
- 3.2. Í innvigtun eru eftirfarandi skekkjumörk þyngdar og refsistig í öllum þyngdarflokkum.
 - 3.2.1. 0 – 0,3 kg. yfir vigt = -2 stig
 - 3.2.2. 0,3 – 1 kg. yfir vigt = -4 stig



3.2.3. 1 kg + yfir vigt = tap

- 3.3. Skuldbinding um þátttöku fer þannig fram að ef er ekki mætt í vigtun en mótherji mætir, þá fær viðkomandi tap í keppnisbók og mótherji sem mætir í vigtun fær 10 stig og sigur í bók (WO).
- 3.4. Allar fjarvistir frá bikarmóts dagsetningum skal tilkynna a.m.k. einni viku fyrir fyrsta mót í hverri mótarið. Tilkynning skal vera skrifleg og berast mótanefnd með sannanlegum hætti. Allar tilkynntar fjarvistir falla ekki undir lið 3.3 og 3.12 og verða þar af leiðandi ekki skráðar í keppnisbók né veita mótherja stig.
- 3.5. Fjarvistir frá bikarmóti skulu skráðar í skráningarskjal til bikarmóts.
- 3.6. Fjarvistir sem koma að vottorði fyrir veikindum eða meiðslum skal tilkynna til mótstjóra og/eða supervistor á móti.
- 3.7. Ef upp koma veikindi eða meiðsli er það á ábyrgð viðkomandi keppanda að útvega læknisvottorði til staðfestingar. Vottorði skal skilað eigi síðar en tíu dögum eftir að mótið fer fram. Keppnisbók fæst ekki skilað nema gegn læknisvottorði eða að tíu dögum liðnum.
- 3.8. Ef upp koma meiðslu getur viðkomandi mætt í vigtun og fengið tap í á vigt í keppnisbók (WO). Keppandi sem mætir í vigtun og keppir ekki fær samt 5 stig fyrir tap.
- 3.9. Ef upp koma meiðsli eða veikindi má keppandi draga sig alfarið út úr bikarmótaröðinni. Það verður að gerast fyrir vigtun á því móti þar sem keppandi á næst að keppa og fær þannig ekki töp í bókina fyrir viðureignir sem hann missir af.
- 3.10. Ef báðir keppendur gera samkomulag sín á milli um að keppa ekki og mæta þar af leiðandi hvorugir í vigtun fá hvorugir skráða viðureign í keppnisbók.
- 3.11. Ef keppandi ætlar sér að keppa erlendis á milli bikarmóta verður að tilkynna það til mótstjóra og/eða supervisor fyrir fyrsta bikarmótið til að fá bókina. Bókinni á svo að skila aftur til áframhaldandi þátttöku í mótinu. Verði það ekki gert fyrir næstu viðureign keppanda verður viðkomandi vísað úr keppni.
- 3.12. Ef keppandi mætir í vigtun og mótherji mætir ekki þá fær sá aðili sem ekki mætir í vigtun tap á móti og bók. Sá sem mætir í vigtun fær þá 10 stig á mótinu og sigur í bók, nema keppandinn sé að keppa aðra viðureign í staðinn á mótinu, þá fær hann einungis þá viðureign skráða í bókina. Stigin sem viðkomandi fékk fyrir að mæta í vigtun gilda til bikarmeistaratitils.



4. Styrkleikaflokkar

- 4.1. Styrkleikaflokkun í Bikarmóti HNÍ byggist á fjölda skráða bardaga keppanda.
- 4.2. Keppendur með 0-10 skráða bardaga teljast til byrjendarstyrkleika
- 4.3. Keppendum í byrjendastyrkleika er heimilt að keppa upp fyrir sinn styrkleikaflokk, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglugerðar þessara.
- 4.4. Keppendum er aldrei heimilt að keppa niður fyrir sinn styrkleikaflokk.

5. Aldurs- og þyngdarundabágur

- 5.1. Þegar skipað er í flokka og viðureignir á bikarmóti er heimilt að veita undabágur frá aldurs- og þyngdarflokki upp að vissum marki, með eftirfarandi skilyrði.
 - 5.1.1. Í ungmenna flokki (Juniour) er heimilt að keppa upp um flokk að hámarki 2 ár.
 - 5.1.2. Í unglingaflokki (Youth) mega keppendur á eldra ári keppa að hámarki upp um 1 ár í Elite flokki.
 - 5.1.3. Allar undanþágur um aldursflokka miðast við fæðingarár.
 - 5.1.4. Við mat á aldursundanþágum skal tekið tillit til þroska og getumunar keppenda og krefst slíkt samþykkis beggja þjálfara og mótstjóra.
- 5.2. Keppa má upp um einn þyngdarflokk, að því tilskildu að þyngdarmunur milli keppanda á vigt fari ekki yfir eftirfarandi mörk:
 - 5.2.1. -71 kg. og léttari að hámarki 4 kg. milli keppanda á vigt
 - 5.2.2. -75kg. og þyngri að hámarki 6 kg. milli keppanda á vigt.
 - 5.2.3. Þessi regla gildir ekki fyrir -91 kg.

6. Setið hjá

- 6.1. Þegar fjöldi keppanda er í oddatölu situr einn keppandi hjá á hverju móti.



7. Niðurröðun

7.1. Í hverjum flokki eru ýmist 2, 3 eða 4 keppendur. Mótanefnd HNÍ gefur hverjum keppenda númer og skal svo keppt eftir eftirfylgjandi áætlun:

7.1.1. Í 2 manna flokki þar sem keppandi tilheyrir fyrirfram fjarvist samkvæmt grein 3.4 skal sú viðureign falla niður án stigagjafar og telst ekki sem viðureign í bikarmótaröðinni.

Fjöldi í flokk	Mót 1	Mót 2	Mót 3	Mót 4	Mót 5	Mót 6
2	1-2	2-1	1-2	2-1	1-2	2-1
3	1-2, 3 situr hjá	3-1, 2 situr hjá	2-3, 1 situr hjá	2-1, 3 situr hjá	1-3, 2 situr hjá	3-2, 1 situr hjá
4	1-2, 3-4	1-3, 2-4	1-4, 2-3	2-1, 4-3	1-3, 4-2	4-1, 3-2

7.2. Ef kostur er skal raða leikjum þannig niður að léttustu flokkarnir byrji og síðan þyngdarflokkarnir koll af kolli í réttri röð.

8. Keppnisgjöld

8.1. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá HNÍ fyrir hvern keppanda og það ekki afturkræft, þótt viðkomandi mæti ekki til leiks, þ.e. ef hann er skráður.

9. Útreikningur á bikarstigum

9.1. Eftir hvert bikarmót hljóta keppendur fyrir hvern sigur 10 stig, fyrir hvert tap 5 stig og fyrir það að mæta í vigtun en fá ekki andstæðing fær viðkomandi 3 stig

9.2. Eftir að öllum bikarmótum er lokið skal stigahæsti keppandinn í hverjum flokki fyrir sig vera útnefndur Bikarmeistari HNÍ. Sá sem endar annar á stigum skal vera veitt annað sæti

9.3. Til að hljóta verðlaun í Bikarmóti HNÍ skal keppandi að lágmarki hafa unnið eina viðureign á bikarmótinu og tekið þátt í að minnsta kosti tveimur viðureignum, nema sérstakar aðstæður samkvæmt reglugerð þessari eigi við.

9.3.1. Standi tveir eða fleiri keppendur jafnir að stigum við lok bikarkeppinnar skal úrslit ráðast með eftirfarandi hætti, í þessari röð.

9.3.1.1. Sá keppandi sem hefur unnið fleiri viðureignir

9.3.1.2. Sá keppandi sem hefur unnið fleiri lotur samtals



9.3.1.3. Sá keppandi sem hefur tekið þátt í fleiri viðureignum á bikarmótinu.

9.3.1.4. Sé enn jafnt skal hlutkesti ráða úrslitum.

10. Liðabikar

10.1. Liðabikarinn fær það félag sem hefur flesta bikarmeistara mótið, ef jafnt er á milli félaga að þá eru silfurhafar taldir, ef enn er jafnt, þá bronsrafa.

11. Hegðunar- og siðareglubrot

- 11.1. Umsjónaraðili (supervisor) á móti er heimilt að skrá óíþróttamannslega hegðun þjálfara og/eða keppanda sem brot í tengslum við Bikarmót HNÍ.
- 11.2. Slíkt brot getur leitt til frádráttar allt að 5 stiga hjá viðkomandi keppanda í Bikarmóti HNÍ.
- 11.3. Mínus stig samkvæmt þessari grein hafa eingöngu áhrif á stöðu keppanda í Bikarmóti HNÍ og fela ekki í sér agaviðurlög.
- 11.4. Önnur viðurlög vegna hegðunar- eða siðareglubrota, þar á meðal bann, brottvísanir eða frekari viðurlög gagnvart keppendum eða þjálfurum, lúta Reglugerð HNÍ um agaviðurlög og agaferli.